

Fundargerð

Skólanefnd.

13. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 2. júní 2008 kl. 16:30

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Ráðning starfsfólks.

Auglýst var eftir a.m.k. 60% stöðugildi stuðningsfulltrúa við Reykjahlíðarskóla. Tvær umsóknir bárust. Skólanefnd mælir með ráðningu Önnu Guðmundsdóttur í starfið. Þórhalla Valgeirsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Auglýst var eftir kennurum og bárust tvær umsóknir. Skólanefnd mælir með að gengið verði frá ráðningu við Brynju Ingólfssdóttur og Þórdísi Jónsdóttur.

3. Önnur mál.

Skólanefnd óskar eftir skýringu á afgreiðslu sveitarstjórnar á 4. lið fundagerðar skólanefndar frá 17. apríl s.l. um aðkomu að skóla. Fram kemur að 5.000.000,- fjárveiting er á fjárhagsáætlun fyrir þetta ár. Skólanefnd spyr hver er verkáætlun fyrir viðhald skólalóðar þetta árið, hvað á að framkvæma, hver á að gera það og hvenær?

Í megindráttum teljum við að teikning frá 1996, tillaga B sé mjög góð, nema sleppa þarf bílastæðum við hringtorg og tryggja aðstöðu til vörumóttöku austan skóla. Teljum við brýnt að hafist verði handa strax við frágang skólalóðar og öruggt aðgengi að skóla og íþróttamiðstöð.

Fundi slitið kl. 17:30
Hrafnhildur Geirsdóttir.
Ásdís Jóhannesdóttir.
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.
Þórhalla Valgeirsdóttir.